

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Mývatns.

#### 1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Mývatns.

#### 2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Skútustaðahreppi.

#### 3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinnna jarða og landareigna sem land eiga að Mývatni og takmarkast félagssvæðið af strandlengju Mývatns, Grænalækjaróss við Arnarbæli og Rifinu milli Haganeslands og Geirastaðalands. Jarðirnar eru:

Álftagerði 1, Álftagerði 2, Álftagerði 3, Álftagerði 4, Bjarg, Björk, Borg, Garður 1, Garður 2, Nónbjarg, Geirastaðir, Geiteyjarströnd 1, Geiteyjarströnd 2, Geiteyjarströnd 3, Grímsstaðir 1, Grímsstaðir 2, Grímsstaðir 3, Grímsstaðir 4, Haganes, Kálfaströnd 1, Kálfaströnd 2, Reykjahlíð 1, Reykjahlíð 2, Reykjahlíð 3, Reykjahlíð 4, Reynihlíð, Víðihlíð, Skútustaðir 1, Skútustaðir 2, Skútustaðir 3, Syðri-Neslönd, Vagnbrekka, Vindbelgur, Vogar 1, Vogar 2, Vogar 3, Vogar 4, Ytri-Neslönd.

#### 4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Skal veiðirétti, eða arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna þannig að formaður gengur eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn undanfarin þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

#### 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin. Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórna eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun er tekin.

## 8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt, eða á arðskrá samkvæmt VII. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki samþykkt vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess þá getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók. Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

## 9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá.

Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundar efnið.

## 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

## 11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Landbúnaðarstofnun, 1. nóvember 2007.*

**Viktor S. Pálsson**, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2007